

1. fundur stjórnar DKG - á Skype 14. október 2013

Tími: kl. 18:00

Mættar: Þorgerður, Guðbjörg formaður, Sigríður Ragna Sigurðardóttir fráfaramandi formaður, Sigríður Ragnarsdóttir 1. varaforseti, Marsibil meðstjórnandi, Þorgerður ritari, Krístrún komst ekki inn á Skype.

Dagskrá fundarins:

1. Liður: Fyrirlesari frá alþjóðasamtökunum fyrir vorþingið.
Samþykkt að sækja um fyrirlesara til alþjóðasamtakanna. Valið stendur um konur úr samtökunum og ekki víst að við getum valið fyrirlesara. Guðbjörg leitar til Sigrúnar Klöru um þetta.
2. Liður: Rósasala. Siffon rósir sem pantaðar voru á þinginu í Amstredam eru komnar. DKG í Eistlandi framleiddi þær og seldi til fjáröflunar. Ákveðið að tilkynna á heimasíðunni að hægt sé að kaupa þær og selja svo á vorþingiu. Verðhugmynd 1500 kr. og gert ráð fyrir að félagið fái einhvern ágóða af sölnunni.
Sigga Ragna spyr hvort við ættum ekki að gera eitthvað svipað til fjáröflunarskini því samtökin standa ekkert of vel fjárhagslega. Nokkrar umræður urðu um þetta og kom fram að margar konur sem eru í samtökunum séu líka í öðrum félögum sem eru að afla fjár. Hugmynd um að fá listakonu til að gera jólakort, þá kom upp að þær eru svo margir um hituna. Ákveðið að hafa í huga að gera lítil gjafakort og fá listakonu til að gera mynd á þau t.d. fallega rauða rós en þannig kort ganga alltaf sérstaklega í DKG. Kortin væri hægt að selja á vorþinginu. Talað um að fá fleiri ofin bókamerki og ætlar Guðbjörg að skoða það. Sigríður Ragnars spurði um borðana fyrir nælurnar en Guðbjörg segir að þeir hafi ekki fengist og ætlar að skoða það betur. SS segir að þeir hafi fengist í Ameríku. Hugmynd um hvort hægt sé að láta gera svona borða með nælu fyrir okkur. Ákveðið að sjá hvað kemur út úr athugun Guðbjargar á þessu.
3. Liður: Tilnefning Sjafnar í Nomination nefnd. Kosið verður í nefndina í vor. Sjöfn bauð sig fram. Búið að senda ósk til ýmissra aðila um að styðja Sjöfn í embættið. Einhverjar búnar að svara að þær ætli að styðja hana
4. Liður: Forum fundur - Ingibjörg Jónasdóttir er að fara á Forum fund. Óskar eftir að greitt sé ein evra á konu. 310 konur og verður þá tekið út 310 evrur. Guðbjörg sendi Ingibjörgu punkta um þingið: Þingið er of langt, stytta námskeið fyrir forseta um einn dag. Spurning um að finna annað form á kynningum á þinginu. Hafa það 3 daga í heild. Þingið sé í síðasta lagi í lok júlí eða byrjun ágúst til að konur eigi möguleika á að mæta á það. Sigga Ragna segir að konur hafi verið sammála um að fyrsti dagurinn hafi verið illa sóttur. Ekki hafa evrópudag inni í þinginu sjálfu. Dagskráin kom of seint. Vilja hafa hnitmiðaða og góða dagskrá þegar konur eru að sækja svona þing. Ekki nóg að „tjatta“ bara.
5. Liður: Heimasíðan okkar. Hafa viðburðadagatal á henni. Eygló sagði að gengi. Rætt um hvort hver deild eigi að hafa eigið viðburðadagatal. Konur sammála um að hafa eitt viðburðadagatal fyrir allt og að það opnast þegar maður kemur inn á aðalsíðuna. Sigga Ragna segir að alþjóðasíðan sé orðin mjög fín, búið að breyta henni.
6. Liður: Hópumræðurnar á framkvæmdaráðsfundinum. Hugmynd að taka saman fyrir formenn hvaða form á að fylla út og minna á dagsetningar. Þorgerður taldi að Ingibjörg Jónasar hafi verið með svona dagatal. Guðbjörg heyrir í henni um það.
7. Liður: Kynningarbæklingurinn, gefa þarf hann út aftur. Fjórblöðunginn. Lesum hann yfir og förum yfir hann segjum hvað okkur finnst. Tölum saman um hvað okkur finnst og hverju þarf að breyta. Guðbjörg sendir okkur hann í pósti.
8. Liður: Nefndirnar. Flestar nefndir komnar af stað í vinnu. Guðbjörg ætlar að funda með útgáfunefndinni sem er á Akureyri, ætlar að reyna það þegar hún verður á Akureyri 21. og 22. okt.

Önnur mál:

- Marsilbil þakkar Guðbjörgu forseta DKG fyrir komuna á fund Kappadeildar. Guðbjörgu fannst þetta skemmtilegt og þetta var fyrsta embættisverk hennar sem forseta.
- Guðbjörg veltir fyrir sér hver eru næstu verkefni stjórnarinnar. Sigga Ragna segir að við ættum að spá í fjáröflun. Hvernig getum við aflað félaginu fjár samanber lið 2. Ákveðið að hugsa þetta. Hægt að gera slæður sem konur gætu borið á fundum. Hver og ein viðrar hugmyndina í sinni deild. Guðbjörg ætlar að heimsækja Lambda deildina. Auk þess hugleiðir hún að koma til Akureyrar 3. desember en þá eru Betadeild og Mydeild saman með jólafund.
- GS setur á heimasíðuna að hún sé tilbúin að koma á skype fundi hjá deildum ef það hentar.

Fundi slitið kl. 18:50.

Ritari Þorgerður Sigurðardóttir